

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Selhrauns suður, Suðurbella 2 og 4.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 7. maí 2008 breytingu á deiliskipulagi Selhrauns suður, Suðurbella 2 og 4 í Hafnarfirði. Breytingin felst í að bætt verður við afrein með einstefnu frá Krýsuvíkurvegi og tengist hún við Suðurbellu milli lóðanna 2a og 2b. Lóðum nr. 2 og 4 er breytt. Lóð nr. 4 er minnkuð og bílastæðum fækkað og lóð nr. 2 og norðurhluti lóðar nr. 4 verða lóðir 2a og 2b. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 5. júní 2008,

Anna Sofía Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 20. júní 2008